

## ***BORGARRÁÐ 12. nóvember 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um átak til að hvetja öll börn til að nýta frístundakortið - R20110202***

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í átak að hvetja til þess að hvert einasta barn sem á rétt á Frístundakorti finni sér íþrótt/tómstund til að nýta kortið. Notuð verði aðferðin „maður á mann samtal“ og ekki hætt fyrr en nýting verði allt að 100% í öllum hverfum. Aðlaga þarf reglur um nýtingu samhliða þannig að losað verði um þær hindranir sem leitt hafa til slakrar nýtingar. Slök nýting Frístundakortsins er á ábyrgð borgaryfirvalda og því þeirra að sjá til þess að hún verði aukin svo fullnægjandi sé. Starfshópur hefur nýlega skilað af sér tillögum sem því miður ganga allt of skammt. Enn á að heimila að Frístundakortið sé tekið upp í gjald frístundaheimilis sem efnaminni foreldrar eru oft tilneyddir til að gera í stað þess að fá sérstakan hjálparstyrk til að greiða frístundaheimili. Flest öll börn eru í frístundadvöl af nauðsyn. Markmiði með Frístundakortið ætti að vera að öll börn finni eitthvað við hæfi til að nýta þennan styrk. Áhyggjuefni er að þátttakan er minnst í 16-18 ára aldurshópnum.

### **Greinargerð:**

Fjölmargin er hægt að gera til að auka nýtingu Frístundakortsins sé vilji fyrir hendi. Tillögur stýrihóps ganga allt of skammt. Til að auka þátttöku 16 til 18 ára þarf að opna fyrir möguleikann að nota Frístundakortið í líkamsrækt um leið og viðkomandi verður 15 ára og opna á þann möguleika á að þessi aldurshópur geti notað Frístundakortið í námskeið/frístund/tómstund sem þau hafa áhuga á.

Tekjuviðmið er ekki nægjanlega hátt til að nýtast mörgum efnaminni foreldrum/forráðamönnum. Skoða þarf að hækka tekjuviðmiðið fyrir annars konar styrki í þágu barna svo foreldrar þurfi aldrei að nota Frístundakortið til að greiða dvöl barna sinna á frístundaheimili.

Frístundakortið er afar misnýtt eftir hverfum svo sem Efra Breiðholt, Kjalarnes og Úlfarsárdalur eru með slaka nýtingu (nýting í Úlfarsárdal er 40% , á Kjalarnesi 50% og í Efra Breiðholti 51%).

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundasvið fari í átak þannig að til að kynna Frístundakortið og finna áhugasvið barns til að það geti notað kortið verði sett á laggirnar maður á mann samtal t.d. í samráði við skólayfirvöld/námsráðgjafa

Flestir vita af Frístundakortinu en allt of margir sjá ekki hvernig hægt er að nota það vegna takmarkana af ýmsu tagi og strangra skilyrða svo sem lengd námskeiða. Þetta verður að leysa. Gangi þarf lengra í að stytta tímalengd námskeiða sem hægt er að nota Frístundakortið í. Gott væri að miða við 4 vikur og opna fyrir að hægt sé að nota Frístundakortið einnig á sumarnámskeið. Kortið er réttur barnsins fyrst og fremst og skal ávallt hugsað út frá barninu.